

Dómsorð:

Stefndi, Tyrfingur Tyrfingsson, greiði stefnanda, Hallgrími Péturssyni, kr. 5.250.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 10. marz 1954 til greiðsludags, kr. 123.84 í orlofsfé og kr. 950.00 í málskostnað. Á stefnandi lögveð í bifreiðinni R 3224 til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 119/1957. Ákærvaldið (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

Jóhanni Ágúst Jóhannessyni

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðarslyssmál.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 þykir rétt að svipta ákærða ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ágúst Jóhannesson, skal sviptur ökuleyfi 6 mánuði. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar

með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Lárusar Jóhannessonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 16. maí 1957.

Ár 1957, fimmtudaginn 16. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, kveðinn upp dómur í málinu nr. 1621/1957: Ákærvaldið gegn Jóhanni Ágúst Jóhannessyni, sem dómtekið var 27. apríl síðastliðinn.

Málið var höfðað samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 21. desember 1956, gegn Jóhanni Ágúst Jóhannessyni bifreiðarstjóra, Háteigsvegi 19, hér í bæ, fyrir að hafa um klukkan 15.30 laugardaginn 14. júlí s.l. ekið bifreiðinni R 7951 vestur Háteigsveg hér í bænum, án þess að sýna næga aðgæzlu og varkárni með þeim afleiðingum, að nokkru fyrir austan (ofan) Stakkahlíð varð drengurinn Sverrir Gíslason, Úthlíð 15, fæddur 26. apríl 1952, fyrir bifreiðinni og slasaðist svo mjög, að hann beið bana af, en drengurinn mun hafa komið hlaupandi út á akbrautina (Háteigsveg) frá suðri fyrir aftan bifreiðina R 1177, sem stóð á eða við syðri jaðar brautarinnar. Telst ákærði með akstri þessum hafa orðið valdur eða samvaldur drengnum að slysi þessu, en brot ákærða þykir varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og við 46. gr. sbr. 1. mgr. 96. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og verði hann dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 22. júlí 1921 í Reykjavík. Sakavottorð hans er svohljóðandi:

1954 27/4 Reykjavík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.

1956 24/2 Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 14. júlí s.l. kl. 15.30 var lögreglunni hér í bæ

tilkynnt, að þá skömmu áður hefði orðið umferðarslys á Háteigsvegi hér í bæ, skammt austan Stakkahliðar. Tildrög slyssins höfðu verið þau, að ákærði hafði komið akandi á bifreiðinni R 7951 vestur Háteigsveg. Er hann var næstum kominn að Vatnsgeymunum, hafði Sverrir Gíslason, Úthlíð 15, fæddur 26. apríl 1952, komið hlaupandi úr suðurátt áleiðis norður yfir götuna. Skipti engum togum, að er bifreiðina bar að, lenti hann á vinstri hlið hennar framan til. Hlaut Sverrir svo alvarleg meiðsli, að hann beið bana af skömmu síðar. Er lögreglan kom á staðinn, stóð bifreiðin R 7951 á Háteigsvegi, aðeins fyrir vestan Vatnsgeymana. Sat ákærði inni í henni. Skýrði hann lögreglunni frá því, að barn hefði orðið fyrir bifreiðinni, en rétt að slysinu afstöðnu hefði maður komið að, tekið upp barnið og borið það inn í bifreiðina R 1177, er hafði staðið skammt frá. Bifreiðinni R 1177 hefði síðan verið ekið brott. Ákærði taldi sig ekki vita, með hverjum hætti slysið hefði orðið, en barnið hefði legið aftanvert við vinstra framhjól, að slysinu afstöðnu. Samkvæmt ljósmyndum af slysstaðnum og uppdrætti stendur bifreiðin R 7951 næstum á nyrðri vegarhelmingi eða hægra megin, miðað við stefnu hennar á Háteigsvegi, bein fyrir götunni og snýr í vestur. Ekki var sjáanlegt á bifreiðinni, hvar Sverrir heitinn hefði lent á henni. Hins vegar var blóðblettur í götunni aftanvert og aðeins til hliðar við vinstra framhjól hennar. Var lögreglunni tjáð, að þar hefði höfuð Sverris heitins legið að slysinu afstöðnu. Aftur af hægra afturhjólum var hemlafar um 2 metrar, en ekkert aftur af því vinstra, heldur aðeins hjólfar. Hins vegar var hemlafar um 2½ meter aftur af vinstra framhjólum. Virtist svo af hemlaförum sem bifreiðinni hefði verið hemlað mest fyrst, en svo hefði verið linað aðeins á hemlum aftur, svo að hjólin hefðu snúizt, áður en bifreiðin nam alveg staðar. Um það bil 6 metra aftur af bifreiðinni R 7951 sunnan vegarins, en næstum utan akbrautarinnar, var bifreiðin R 1177, sem er 6 manna fólksbifreið, talin hafa staðið. Slysið varð nokkurn vegin á móti afleggjara, sem liggur frá Háteigsvegi í suðurátt. Bifreiðin R 7951 er sendiferðabifreið af „Dodge“-gerð, gömul herbifreið, ljós að lit með vinstri hliðar stýri, eign Mjólkursamsölunnar í Reykjavík. Bifreiðaeftirlitsmenn reyndu bifreiðina í akstri eftir slysið. Er henni var ekið með um 25 km hraða og hemlað með fullu ástigi á hemilsfetil, stöðvaðist bifreiðin á 7 metrum. Voru hemlaför greinileg eftir 3 hjól, en vinstra afturhjól hemlaði ekki. Virtist ástæðan vera sú, að feiti

úr drifkúlu hefði lekið á hemilsborðana. Að öðru leyti reyndist öryggisútbúnaður bifreiðarinnar vera í lagi. Hraðamælir bifreiðarinnar var óvirkur. Er slysið varð, var skýjað, en annars bjart og færi þurrt.

Ákærði hefur skýrt svo frá málsatvikum, að hann hafi verið að koma af Sogavegi og ekið vestur Háteigsveg, er framangreint banaslys varð. Var hann á leiðinni niður í bæ. Með honum í bifreiðinni var Daði Björnsson, Blönduhlíð 23. Ákærði kvaðst ekki hafa verið að flýta sér og bifreiðin hafi verið í öðrum gír. Ákærði gat ekki sagt fyrir víst, með hvaða hraða hann hafi ekið, en taldi óhugsandi, að hann hefði ekið með meiri hraða en 25 km, miðað við klst., er slysið varð. Er ákærði kom á móts við Vatnsgeymana við Háteigsveg, sá hann allmargt fólk, bæði börn og fullorðna. Var það sunnan götunnar eða ákærða á vinstri hönd. Hins vegar sá hann ekki fólk hægra megin við sig. Fólkið var ekki það mikið inni á götunni, að ákærði teldi að um hættu gæti verið að ræða, er hann æki fram hjá því. Er hann var kominn á móts við fólkið, varð hann skyndilega var við, að eitthvað slóst utan í bifreið hans. Ákærði kvaðst hafa verið grunlaus um, að nokkurt slys hefði borið að höndum, en hemlaði þó strax með fullu átaki á hemla. Er hann hafði numið staðar, leit hann út um vinstri glugga, er var opinn. Sá hann þá barn liggja í götunni til hliðar á móts við vinstra framhjól. Ákærði kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir því, hvernig barnið hafi legið, sakir þess að í sömu andránni kom maður hlaupandi og tók það upp af götunni. Hljóp hann með barnið að fólksbifreið, er var á slysstaðnum, og setti það inn í hana. Ákærði kallaði til mannsins að láta barnið liggja kyrrt, en einhver í hópnum svaraði þá, að til þess væri ekki tími. Ákærði kvaðst ekki hafa orðið var við barnið, áður en það lenti á bifreiðinni. Er hann ók fram hjá fólkinu, kvaðst hann hafa fært sig út á hægri vegarhelming. Taldi hann sig aka það fjarri því, að þörf væri ekki á að veita því sérstaka athygli. Ákærði kvaðst hafa horft fram fyrir bifreiðina, en veitti umhverfinu til hliðar ekki sérstaka athygli. Ákærði kveðst hafa verið vel fyrirakallaður að öllu leyti og haft hugann við aksturinn. Ákærði var óvanur að aka bifreiðinni R 7951 og vissi ekki annað en hemlar hennar hefðu verið í góðu lagi.

Vitnið Daði Björnsson verkamaður, Blönduhlíð 24, sat við hlið ákærða hægra megin í bifreiðinni R 7951, er umrætt banaslys varð. Vitnið varð vart við bifreiðar sunnan megin götunnar, er þeir nálguðust Vatnsgeymana. Hægði ákærði ferð bifreiðarinnar

og skipti bifreiðinni niður, annaðhvort úr fjórða gír í þann þriðja eða úr þriðja gír í annan. Ók hann yfir á hægri vegarhelming vegna fólksins og bifreiðanna, að vitnið taldi. Vitnið kvað ákærða hafa orðið varan við fólksfjölda, er þeir komu upp á hæðina þarna. Var fólkið stutt frá veginum sunnan götunnar, en enginn maður úti á henni. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt um það, hve langa vegalengd ákærði hafi ekið, frá því að það kom auga á fólkið og þangað til slysið varð. Vitnið sá ekki neinar mannaferðir úti á veginum. Vitnið vissi ekki fyrr til en ákærði hrópaði upp: „Guð minn almáttugur, hef ég ekið á barn?“ Snarhemlaði ákærði í þessu og var vitnið nærri hrokkið fram í rúðu. Í sömu andránni kom maður og hrópaði: „Það er of seint“, og tók barnið upp af götunni. Ákærði sagði honum að láta barnið liggja kyrrt, en maðurinn sinnti því ekki og hvarf á brott. Vitnið og ákærði voru ekki að tala saman, er slysið varð eða þá mjög lítið og ekkert truflaði ákærða í akstrinum, svo vitnið yrði vart við. Vitnið kvaðst ekki geta fullyrt, með hvaða hraða ákærði hafi ekið, en því fannst hann aka fremur hægt. Ók hann að sögn vitnisins áreiðanlega undir löglegum hámarkshraða. Vitnið horfði beint fram á veginn og fannst ákærði gera það einnig. Vitnið vissi ekki annað en ákærði væri að öllu leyti vel fyrirkallaður við aksturinn og hann var ekki að flýta sér.

Vitnið Jóhann Pétur Einarsson verkamaður, Þvervegi 38, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að koma upp Háteigsveg, er framangreint slys varð. Vitnið var gangandi og teymdi reiðhjól við hlið sér. Er vitnið var komið upp fyrir gatnamót Stakkahlíðar og Háteigsvegar, sá það margt fólk sunnan Háteigsvegar við Vatnsgeymana. Fór vitnið að hugsa um, hvað um væri að vera. Er vitnið leit upp Háteigsveg, sá það bifreið koma akandi móti sér. Vitnið kvaðst ekki geta sagt um það, með hvaða hraða henni hafi verið ekið. Alveg í sömu andránni og vitnið sá bifreiðina, sá það, að barn var eins og á vinstra framhjóli bifreiðarinnar. Virtist vitninu barnið svo snúast með hjólinu, en gat þó ekki fullyrt um það. Virtist vitninu barnið svo lenda undir hjólinu, en kvaðst þó ekki vilja fullyrða það. Vitnið heyrði hvína í hemlum bifreiðarinnar, er var stöðvuð. Vitnið kvað barnið hafa legið að slysinu afstöðnu rétt aftan við vinstra framhjól bifreiðarinnar. Lá það þversum í götunni, að vitnið taldi. Vissi höfuð þess frá bifreiðinni, en fætur inn undir hana. Vitnið taldi, að það hefði verið í um það bil 15 metra fjarlægð frá slysstaðnum, er slysið varð. Vitnið varð vart við mann þann, er tók barnið og bar það inn í bifreið.

Vitnið Arnór Guðni Kristinsson verkamaður, Barónsstíg 14, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt sunnan Háteigsvegar aðeins austan við slysstaðinn, er slysið varð. Vitnið kvaðst hafa séð bifreiðina R 7951, er henni var ekið fram hjá því. Var bifreiðinni ekið hægt. Vitnið fylgdist með ferðum bifreiðarinnar og sá, er henni var hemlað. Um leið og bifreiðin var stöðvuð, að vitnið taldi, sá það, að barn, á að gizka 4—5 ára gamalt, reikaði frá bifreiðinni eða gekk frá henni, eins og vitnið orðaði það, um tvö skref og datt svo á hliðina í sömu átt og bifreiðinni hafði verið ekið. Vitnið hafði ekki séð barnið, fyrr en það sá það reika frá bifreiðinni og vissi ekki hvaðan það hafði komið. Vitninu virtist barnið lenda aftan til á framaurhlíf bifreiðarinnar vinstra megin. Að slysinu afstöðnu lá barnið þannig, að höfuð þess vissi í sömu átt og bifreiðin, en fætur þess aftur með henni. Barnið var um hálfan meter frá bifreiðinni, en ekki undir henni að neinu leyti. Vitnið kvað barnið hafa dottið á sömu hliðina og meiðslin voru á því. Vitnið kvað allmargt fólk hafa verið statt á móts við slysstaðinn, bæði börn og fullorðna, sérstaklega þó börn. Mörg börn sátu uppi á Vatnsgeymunum og heyrði vitnið talað um það eftir á, að barnið mundi hafa ætlað þangað, er slysið varð.

Vitnið Salóme Jóhannsdóttir húsfrú, Úthlíð 9, hefur skýrt frá því, að það hafi verið á gangi norður Stakkahlíð, er framangreint slys varð. Var vitnið að leita að syni sínum. Vitnið sá mannfjölda við Háteigsveg ofan Stakkahlíðar. Vitnið var rétt komið að gatnamótum Háteigsvegar og Stakkahlíðar, er það sá barn hlaupa mjög hratt vestan við eða fyrir aftan bifreið, sem stóð sunnan Háteigsvegar. Barnið hljóp hratt aðeins á ská vestur yfir götuna. Barnið virtist vera að flýta sér og gáði ekkert kringum sig, að vitnið gæti séð. Í þessu bar að bifreiðina R 7951 og hljóp barnið á hana. Lenti það á bifreiðinni um vinstra framhjól eða rétt fyrir aftan það, að vitnið taldi. Í því er bifreiðin nam staðar, var eins og hún lyftist upp að aftan. Vitnið gat ekki fullyrt um það, hvort afturhjólið fór yfir barnið, en fannst það einhvern veginn af því, hvernig bifreiðin lyftist upp að aftan. Vitnið taldi, að bifreiðinni hefði ekki verið ekið á mikilli ferð, er slysið varð. Vitnið tók fram, að því hafi fundizt einhvern veginn, að ökumaður R 7951 hefði ekki getað forðað slysinu, sakir þess hve barnið hljóp skyndilega út á götuna.

Vitnið Sólborg Einarsdóttir verkakona, Ásvallagötu 46, hefur skýrt frá því, að það hafi staðið sunnan Háteigsvegar fyrir ofan Stakkahlíð, er slysið varð. Vitnið beindi athygli sinni að beltis-

ýtu, sem var að byrja að grafa fyrir kirkju Óháða Fríkirkjusafnaðarins. Skyndilega heyrði vitnið, að bifreið var hemlað og næstum samtímis heyrði það hljóð. Vitnið stóð við hlið vitnisins Bjarna Pálssonar, er þetta gerðist. Vitnið leit við, og í sömu andránni hljóp Bjarni frá því. Vitnið kom þá auga á bifreiðina R 7951, er stóð á Háteigsvegi. Sá það barn liggja fyrir aftan vinstra framhjól bifreiðarinnar. Bifreiðarstjóri nefndrar bifreiðar leit út um glugga bifreiðarinnar og kallaði upp. Barnið lá þannig, að höfuð þess vissi inn undir bifreiðina og var fyrir aftan og innan vinstra framhjól. Fætur barnsins vissu frá bifreiðinni á ská aftur með. Bjarni tók barnið upp þegar að slysinu afstöðnu.

Vitnið Bjarni Pálsson beykir, Ásvallagötu 46, hefur skýrt frá því, að það hafi verið statt sunnan Háteigsvegar rétt við akbrautina, er umrætt slys varð. Vitnið veitti bifreiðinni ekki athygli, fyrr en það heyrði, að henni var hemlað. Leit vitnið þá við og sá, að bifreiðin hafði numið staðar. Lá barn rétt aftan við vinstra framhjól bifreiðarinnar. Höfuð barnsins var rétt aftan og fyrir innan framhjól bifreiðarinnar og vissi inn undir hana, en fætur barnsins vissu út á götuna nokkuð á ská.

Vitnið kvaðst hafa séð, að mikið blæddi úr höfði barnsins. Tók vitnið það upp og bar það inn í bifreið, er var þarna í nánd. Vitnið kvaðst ekki geta sagt neitt um tildrög slyssins.

Í skýrslu prófessors Nielsar Dungals um krufningu á líki Sverris heitins segir á þessa leið um dánarorsök: „Við líkskoðun og krufningu fannst stórt og mikið brot á höfuðkúpu og kúpubotni. Enn fremur brot á hægri upphandlegg og hægri viðbeini. Mikil hrufu voru á andliti, hálsi og víðar. Engir innvortis áverkar fundust á brjóst- eða kviðarholi, nema blæðing í kringum þvagblöðru, þar sem æð hafði sprungið. Banameinið hefur verið hið mikla kúpubrot og heilahristingur með eftirfarandi miklu blóðþrýstingsfalli og öðrum losteinkennum.“

Eins og að framan hefur verið rakið, þá hefur ákærði skýrt frá því, að hann hafi ekki veitt umhverfinu framundan bifreiðinni til hliðar, þaðan sem Sverrir heitinn kom, neina sérstaka athygli. Þetta bar honum þó skylda til að gera, sérstaklega þar sem hann hafði orðið var við það, að börn voru meðal fólksins, er þarna var. Ákærði varð Sverris því ekki var, fyrr en hann lenti á bifreiðinni. Ákærði hefði átt að hafa aðstöðu til þess að fylgjast með ferðum Sverris og nema fyrr staðar, enda sat ákærði vinstra megin í bifreiðinni. Samkvæmt þessu verður að telja, að ákærði eigi nokkra sök á slysinu. Ákærði hefur því gerzt brotleg-

ur gegn 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. mgr. 27. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglu-samþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 2000.00 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ekki þykir næg ástæða til að svipta ákærða ökuleyfi og ber að sýkna hann af þeim lið ákærunnar.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 1200.00.

Dómsorð:

Ákærði, Jóhann Ágúst Jóhannesson, greiði 2000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 12 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði á að vera sýkn af ákærunni um ökuleyfisviptingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl. kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 3. febrúar 1958.

Nr. 164/1956. **Agnar Tómasson** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)
gegn

Péttri Jónssyni (Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann
Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1956, krefst þess aðallega, að honum verði dæmt að greiða stefnda einungis kr. 7357.10 á-